

1902511 Reykjanesbraut við Straumsvík, vegstæði

Á fundi bæjarráðs þann 11. júlí 2019 lagði fulltrúi Samfylkingar fram eftirfarandi fyrirspurn:

Í ljósi fréttáflutnings af tvöföldun Reykjanesbrautar um Kapelluhraun hjá álverinu í Straumsvík óskar fulltrúi Samfylkingarinnar eftir eftirarandi upplýsingum:

1) Hve oft og hvenær hafa verið haldnir fundir undanfarin fjögur ár þar sem rætt var við forsvarsmenn álversins um legu vegarins?

Haldir hafa verið 2 fundir með forsvarsmönnum álversins þar sem lega vegarins hefur rædd þ.e. í ágúst 2018 og júní 2019.

2) Hvert er verðmæti þess lands sem álverið keypti af bænum?

Hafnarfjarðarbær selur þann 30. desember 2003 til Alcans á Íslandi hf. 51,95 hektara land sunnan og austu við athafnasvæði álversins. Á hinu selda landi liggur hluti Reykjanesbrautar. Söluverð var kr. 290.323.000. Fasteignamat landsins 2019 er kr. 698.150.000.

3) Hver er áætlaður kostnaður við þá millileið sem svo er nefnd og lagt er til að verði farin?

Óskað hefur verið eftir kostnaðarmati frá Vegagerð ríkisins, það hefur ekki borist.

Lagt fram á fundi bæjarráðs 29. ágúst 2019